

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

3. nóvember 2014

**Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum, 53. mál**

Í framhaldi af fundi undirritaðs með nefndinni fyrr í dag, og með vísun í umsögn Samorku um frumvarpið dags. 3. október 2014, vill Samorka þakka fyrir að fá að koma einu atriði til viðbótar áleiðis við nefndina, sem bent var á munnlega á fundinum fyrr í dag.

Um er að ræða 1. viðaukann, lið 3.10 og 3.11. Þar er í frumvarpinu fjallað um leiðslur sem séu lengri en 1 km og 50 cm í þvermál eða meira. Í tilskipuninni, sem frumvarpinu er ætlað að leiðrétta innleiðingu á, er hins vegar miðað við að slíkar leiðslur séu lengri en 40 km að lengd og 80 cm eða meira í þvermál. Hér er því verið að gera miklum mun stífarí kröfur en gert er í tilskipuninni, án skýringa, og gerir Samorka tillögu um að þessi atriði verði einfaldlega færð að þeim viðmiðum sem höfð eru uppi í tilskipuninni.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason  
framkvæmdastjóri